



Helstu niðurstöður vöktunar á starfsemi heilbrigðisþjónustu 2020 og 2021

Janúar - desember 2020	Janúar - desember 2021
Heilsugæsla - samanburður við sama tíma 2019	
Aukning á samskiptum við heilsugæslu (+18%). Aukning er umfram árlega aukningu samskipta síðustu ára.	Aukning á samskiptum við heilsugæslu (+26%). Aukningin er umfram árlega aukningu samskipta síðustu ára.
Samskiptamáti við heilsugæslu breyttist: -komum fækkaði (-14%) -rafrænum samskiptum fjölgaði (+84%) -símtölum fjölgaði (+37%)	Samskiptamáti við heilsugæslu breyttist: -komum fækkaði (-3%) -rafrænum samskiptum fjölgaði (+160%) -símtölum fjölgaði (+14%)
Heildarfjöldi sýna vegna COVID-19 var 241.454 innanlands og 195.984 á landamærum.	Heildarfjöldi sýna vegna COVID-19 var 608.414 innanlands og 337.430 á landamærum.
Heildarfjöldi greindra með COVID-19 var 5.245 í sýnatökum innanlands og 521 í sýnatökum á landamærum.	Heildarfjöldi greindra með COVID-19 var 21.561 í sýnatökum innanlands og 2.159 í sýnatökum á landamærum.
Sjúkrahús - samanburður við sama tíma 2015-2019	
Innlagnir á sjúkrahús breyttust lítið (-2%).	Innlögnum á sjúkrahús fjölgaði (+5%)
Heilt yfir fækkaði komum á dag- og göngudeildir sjúkrahúsa lítillega (-4%). Komum á dag og göngudeildir fækkaði þó verulega í fyrstu bylgju. Fjöldmörg samskipti voru þó við Covid-19 göngudeild.	Komum á dag- og göngudeildir sjúkrahúsa fjölgaði (+6%).
Legur v. tiltekinna sjúkdóma: -Færri legur vegna hjartaáfalla (-5%) -Svipaður fjöldi lega vegna heilablóðfalla (0%)	Legur v. tiltekinna sjúkdóma: -Færri legur vegna hjartaáfalla (-9%) -Færri legur vegna heilablóðfalla (-6%)
Breyting á aðgerðum á Landspítala: -Hjarta- og/eða kransæðamyndatökum fækkaði (-20%) -Gerviliðaaðgerðum á mjöðm fækkaði (-4%) -Gerviliðaaðgerðum á hné fækkaði (-9%) -Skurðaðgerðum á augasteini fækkaði (-20%)	Breyting á aðgerðum á Landspítala: -Hjarta- og/eða kransæðamyndatökum fækkaði (-22%) -Gerviliðaaðgerðum á mjöðm fjölgaði (-21%) -Gerviliðaaðgerðum á hné fjölgaði (-1%) -Skurðaðgerðum á augasteini fækkaði (-28%)
Sjálfstætt starfandi - samanburður við sama tíma 2019	
Komum til sjálfstætt starfandi sérgreinalækna fækkaði 2020 lítillega m.v. 2019 (-4,8%). Fjarþjónustu og rafrænum samskiptum fjölgaði; fóru úr innan við 0,2% samskipta í 2,4% samskipta.	Komum til sjálfstætt starfandi sérgreinalækna fjölgaði lítillega m.v. 2019 (+3,2%). Fjarþjónustu og rafrænum samskiptum fjölgaði úr innan við 0,1% samskipta í 2,1% samskipta.
Þegar heildina er litið varð smávægilegur samdráttur í komum til tannlækna (-2,7%) og sjúkraþjálfara (-4%). Starfsemi tannlækna og sjúkraþjálfara raskaðist þó verulega í fyrstu bylgju.	Fleiri komur til tannlækna (+8,7%) og sjúkraþjálfara (+8,5%).
Lyfjanotkun - samanburður við sama tíma 2019	
Samdráttur í afgreiddu magni sýklalyfja (-13%) en heldur meiri samdráttur í afgreiddu magni til barna <5 ára (-23%).	Samdráttur í afgreiddu magni sýklalyfja (-8%). Afgreitt magn til barna <5 ára eykst um 15%.
Aukning í afgreiddu magni þunglyndislyfja (+5%).	Aukning í afgreiddu magni þunglyndislyfja (+11%).
Dánartíðni - samanburður við sama tíma 2010-2019	
Heildardánartíðni svipuð eða aðeins lægri en meðaltal síðustu 10 ára. Dánartíðni <70 ára einnig svipuð en dánartíðni 70+ heldur lægri en meðaltal sl. 10 ára	Dánartíðni <70 ára aðeins hærra en meðaltal síðustu 10 ára en dánartíðni 70+ nokkru lægri
Heildarfjöldi látinna vegna COVID-19 var 29	Heildarfjöldi látinna vegna COVID-19 var 6